



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. apríl 2006  
Tilvísun: 2006040005  
Bréfalykill: 50.4.3

## **Efni: Rannsóknarleyfi í og ofan við Grændal ofan Hveragerðis**

Orkustofnun hefur borist bréf Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, dags. 3 apríl 2006 með ósk um að veita umsögn um umsókn Sunnlenskrar orku ehf um rannsóknarleyfi á jarðhita í og við Grændal. Ennfremur er farið fram á fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi þar sem vænlegt er talið að virkja jarðgufu innan reitsins. Sunnlensk orka hafði rannsóknarleyfi á þessu svæði frá júní 1999, þar til er leyfið rann út í júní 2004.

Orkustofnun hefur kynnt sér gögn umsækjanda, Rannsóknaráætlun um frekari jarðhitarannsóknir í og við Grændal, og auk þess skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna borunar rannsóknarholu og vegagerðar í Grændal í Ölfusi, sem VGK og Hönnun unnu fyrir Sunnlenska orku, útg. í febrúar 2001 á meðan fyrra leyfi var í gildi. Ennfremur úrskurði Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar um téð mat.

Tilgangur þeirra rannsókna er umsótt leyfi varðar er að sýna fram á að hugmyndalíkan af jarðhitakerfinu í Grændal standist (líkan sem sett var fram á fyrra leyfistímabili) og fá úr því skorið hvort nýta megi jarðhita þar á hagkvæman hátt til raforkuvinnslu og iðnaðar. Niðurstöður verða nýttar til að gera langtímaáætlun um áfangaskipta virkjun jarðhitans í Grændal.

Rannsóknarsvæðið er með sömu afmörkun til vesturs og suðurs en nær um 1 km lengra til norðurs og austurs en fyrra leyfi, skv. uppgefnum hnitum:

X: 656385 Y:399967  
X:654658 Y:398991  
X:654079 Y:394107  
X:656151 Y:394173  
X:658200 Y:395474

Sótt er um leyfi til 7 ára, þ.e. til 2013. Það innifelur borun 1-2 rannsóknarhola á tímabilinu 2007 til 2010, jarðhitarannsóknir, náttúrufarsrannsóknir, athugun á skipulagsmálum og undirbúning virkjunar, þar með talið væntanlega umsókn um nýtingarleyfi gefi rannsóknir tilefni til þess, þannig að unnt verði að taka ákvörðun um virkjun svæðisins um mitt ár 2013.

Á fyrra leyfistímabilinu sóttist Sunnlensk orka fyrst og fremst eftir að bora innarlega í Grændal. Fram fór mat á umhverfisáhrifum af borun þar sem fjallað var um nokkra kosti til vegalagningar auk borstæða. Auk þeirrar staðsetningar sem Sunnlensk orka setti í forgan voru þrjú önnur borstæði. Í úrskurði Skipulagsstofnunar (4.05.2001) er lagst gegn borun rannsóknarholu og lagningu vegar í Grændal. Sá úrskurður var kærður til

Umhverfissráðuneytis, sem felldi úrskurð Skipulagsstofnunar úr gildi (dags. 27.11.2001). Í úrskurði ráðuneytisins er áfram lagst gegn borun inni í Grændal og viðeigandi veglagningu, en fallist á borstað austan í Dalaskarðshnjúki.

Ítarleg rannsóknaráætlun fylgir umsókn Sunnlenskrar orku, og yrði hún hluti rannsóknarleyfis ef til kemur.

**Niðurstaða:** Orkustofnun sér ekkert því til fyrirstöðu að veitt sé nýtt rannsóknarleyfi fyrir umbeðið svæði. Minna skal á að eftir mat á umhverfisáhrifum af fyrirhugaðri borun á vegum umsækjanda, og kærumeðferð í kjölfar úrskurðar Skipulagsstofnunar, hafi niðurstaðan orðið sú að kanna megi þetta svæði frekar með borunum sé það gert í anda þess sem fram komi í úrskurði umhverfissráðherra frá 27.11.2001.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson